

al málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda, málaflutningsmanns Franz Siemens, 20 krónur.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. febrúarmán.

Nr. 38/1884. Lögafar Þorsteins Danielssonar
og konu hans
Margrjetar Þorláksdóttur
gegn
dánarbúi Þórðar prófasts Jónassens.

D ó m u r :

Með stefnu, sem út var gefin 24. septembermán. f. á., eptir að uppreisn var fengin 19. s. m., hafa lögafar Þorsteins Danielssonar og konu hans Margrjetar Þorláksdóttur áfrýjað til yfirdómsins úrskurði, kveðnum upp fyrir skiptarjetti Eyjafjarðarsýslu 31. októbermán. 1883, en með þeim úrskurði var Þórður prófastur Jónassen sagður rjettbær testamentariskur erfingi að $\frac{1}{4}$ hluta skuldlausra eigna dánarbús Þorsteins Danielssonar frá Skipalóni.

Hafa áfrýjendurnir fyrir yfirdóminum krafizt, að hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður verði dæmdur ómerkur og úr gildi felldur, og þeir dæmdir sýknir af kærum og kröfum dánarbús Þórðar prófasts Jónassens. Á hinn bóginn hefur af hendi síðar nefnds dánarbús verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendurnir in solidum dæmdir til að greiða búinu hæfilegan málskostnað.

Með arfleiðsluskrá hjónanna dannebrogsmanns Þorsteins Danielssonar og konu hans Margrjetar Þorláksdóttur, er arfleitt höfðu hvort annað, dagsettri 1. júní 1868, var hjónunum, Þórði presti Jónassen og Margrjet Ólafsdóttur, eða hvoru þeirra, sem lengur yrði lífs auðið, og að þeim frá föllnum börnum þeirra, eða því af þeim, er lengur lifði, gefinn fjórði hluti af skuldlausri búseign hinna fyrst nefndu hjóna. Undir arfleiðsluskrá þessa hafa sem vottar ritað þá verandi amtmaður í norður- og austuramtinu P. Havstein og Jón Skúli Magnússon, er þá var skrifari amtmanns. Þegar búið var tekið til skipta um sumarið 1883, lét Þórður prófastur Jónassen — kona hans var þá dáið — mæta fyrir sig í skiptarjettinum, og gjörði samkvæmt arfleiðsluskránni tilkall til $\frac{1}{4}$ hluta skuldlausra eigna búsin. En nokkrir lögarfar arfleiddanda mótmæltu gildi arfleiðsluskrárinnar, en skiptaráðandi kvað upp úrskurð um þetta ágreiningsefni, og er hann eins og áður segir.

Í sjálfu sjer virðist arfleiðsluskráin vera í rjettu lagi eptir því, sem kveðið er á í 23. gr. tilskip. 25. septbr. 1850. Það eitt brestur á, að annar votturinn, Havstein amtmaður, var andaður, þá er arfleiðsluskráin kom fram, svo að ekki var lengur unnt að fá eiðfestingu beggja votta; en sje arfleiðsluskrá mótmælt af einhverjum hlutaðeigendum, verða báðir vottarnir að geta unnið eið að vottorði sínu á skránni. ...

Fyrir því verður ekki hjá komizt, að meta arfleiðsluskrána ógilda, og því að fella hinn áfrýjaða skiptarjettarúrskurð úr gildi, þannig að krafa Þórðar prófasts Jónassens eða nú dánarbús hans til $\frac{1}{4}$ hluta af skuldlausum eigum dánarbús Þorsteins Daniels-

sonar og Margrjetar Þorláksdóttur eptir arfleðsluskrá 1. júní 1868 ekki verður tekin til greina.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður skal úr gildi numinn þannig, að krafa Þórðar prófasts Jónassens, eða nú dánarbús hans, til $\frac{1}{4}$ hluta af skuldlausum eigum dánarbús Þorsteins Daníelssonar og Margrjetar Þorláksdóttur eptir arfleðsluskrá 1. júní 1868 skal ekki til greina tekin.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 36/1884

Arnfríður Þorkellsdóttir

gegn

Skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu og Bjarna Þórðarsyni á Reykhólum.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 1. sept. f. á., hefur Arnfríður Þorkellsdóttir í Reykjavík áfrýjað til yfirdómsins skiptum á dánarbúi móður sinnar Hildar Þórðardóttur, sem var lokið af skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu 8. sept. 1883, sem og uppboði á 4 hdr. í Reykhólum í Reykhólasveit, er fram fór eptir ráðstöfun skiptaráðandans í tjeðu dánarbúi að Tindum í Geiradalsþingum 15. maí s. á., hvorutveggja að fenginni uppreisn, og hefur hún krafizt, að báðar þessar